



NaNO Fréttabréf – Apríl 2015

Hvað höfum við gert í mars?

Menntabúðir voru tvennar. Nánari upplýsingar á menntabudir.naturutorg.is.

- Veðurfræði í Veðurstofu Íslands 5. mars. Þar tók Haraldur Ólafsson veðurfræðingur á móti hópnum sem samanstóð af 30 grunn- og framhaldsskólakennurum. Eftir kynningu og leiðsögn um stofnunina voru tækifæri til kennslu um veður rædd. Í framhaldi leiddi Sævar H. Bragason frá Stjörnufræðivefnunum (stjornufraedi.is) hópinn í umræður um kennsluhugmyndir um sólmyrkvann 20. mars sl. ([Myndir hér.](#))
- Sólmyrkinn þann 18. mars sl. í Háteigsskóla. Þá komu erlendir sérfræðingar í kennslu stjörnufræði í heimsókn. Menntabúðirnar voru vel sóttar þar sem 33 kennarar komu, þar af þrír í gegnum vefútsendingu. Farið var ítarlega yfir allt sem tengist sólmyrkva og hvernig unnt er að vinna þvert á greinar að verkefnum tengt myrkvanum. ([Myndir hér.](#))

NaNO í samstarfi við Stjörnufræðivefinn og Verkfræði- og náttúruvísindasvið HÍ hélt sérstakt sólmyrkva- og stjörnufræðinámskeið fyrir 55 grunnskólakennara frá 23 skólum alls staðar af landinu (t.d. frá Akureyri, Höfn, Vestmannaeyjum, Grindavík og Akranesi). Námskeiðið var haldið í Öskju náttúrufræðahúsi HÍ þriðjudaginn 17. mars sl. Pedro Russo frá Leiden-háskóla í Hollandi og Edward Gomez og Haley Gomez frá Cardiff-háskóla stýrðu námskeiðinu þar sem farið var í áhugaverðar og spennandi kennsluhugmyndir í stjörnufræðikennslu. Einnig var skoðað hvernig heppilegt er að samtvinnu stjörnufræðikennslu og aðrar faggreinar. Fulltrúar hvers skóla fengu að gjöf veglegan kennsluhugmyndakassa *Universe in a box* með kennsluefni fyrir grunnskóla, bæði efni og hugmyndir í verklega sem og bóklega tíma. [Myndir frá námskeiðinu má sjá hér.](#)

Námskeiðið NaNO - ný vínsindi með sjálfbærni að leiðarljósi. Staðlota var um *Orku framtíðar* þann 16. mars hjá Landsvirkjun þar sem hópurinn fékk kynningu á ýmsum verkefnum Landsvirkjunar sem snúa að framtíðarmöguleikum.

NaNO – náttúrufræði fyrir grunnskólakennara, endurmenntunarnámskeið fyrir grunnskólakennara í Garðabæ. Fjórða staðlota námskeiðsins fór fram þann 19. mars í Garðaskóla. Þær Gunnhildur Óskarsdóttir og Anna Sigríður Ólafsdóttir dósentar við MVS héldu erindi um hugmyndir barna um mannlíkamann annars vegar og heilbrigði og velferð hins vegar. Þátttakendur voru gríðarlega ánægðir með þessa lotu.

Unnið var að undirbúningi málþings um náttúrufræðimenntun sem RAUN heldur 17.–18. apríl 2015 í Verzlunarskóla Íslands. Dagskráin er ríkuleg og inniheldur um 50 erindi/smiðjur, þar af er margt frá Menntavísindasviði HÍ. Opið er fyrir skráningu á málþingið. [Sjá hér.](#)

Svava situr í stýrihópi Biophilia verkefnisins hjá Reykjavíkurborg fyrir hönd Menntavísindasviðs.

Hvað er framundan?

Vinna að því að tryggja menntabúðum náttúrufræðikennara farveg sem lifir án utanumhalds frá NaNO hópnum, líklega í samstarfi við fagfélögini.

Vinna áfram að *NaNO Gagnabanka*. Við setjum fleiri kennsluhugmyndir í bankann ásamt því að vinna að frekari útfærslu á útliti og tæknilegum atriðum. Stefnt er að því að fá til liðs við okkur starfandi kennara til að prófa verkefnin í sinni kennslu og endurbæta gagnabankann eftir ráðleggingum frá þeim.

Undirbúnингur málþings um náttúrufræðimenntun 17.-18. apríl 2015. Sjá malthing.naturutorg.is

Menntabúðir í Matís miðvikudaginn 8. apríl. Nánar á menntabudir.naturutorg.is.

Ljúka við formlegt mat á námskeiðinu *Náttúrvísindi* á 21. öld sem var við Menntavísindasvið HÍ vorönn 2014.

Vinna NaNO hópsins er styrkt af Aldarafmælissjóði HÍ, Þróunarsjóði námsgagna, Kennslumálasjóði HÍ, Endurmenntarsjóði grunnskóla og Vinum Vatnajökuls.

Birgir U. Ásgeirsson, Ester Ýr Jónsdóttir og Svava Pétursdóttir

